

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við reglugerðina:

a. Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmarkaskrá:

EB-nr.	CAS-nr.	Efni	Mengunarmörk				Ath.	Nr.
			Fyrir 8 tíma		Þakgildi			
			ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³		
200-001-8	50-00-0	Formaldehýð	0,30	0,37	0,60	0,74	H, K	
200-849-9	75-21-8	Etýlenoxíð	1,0	1,8	-	-	H, K	
200-879-2	75-56-9	1,2-Epoxyprópan	1,0	2,4	-	-	K	
201-167-4	79-01-6	Trí-klóróetýlen	10,0	54,7	30,0	164,1	H, K	
202-974-4	101-77-9	4,4'-Metýlendíanilín	-	0,08	-	-	H, K	
203-444-5	106-93-4	Etýlendíbrómíð	0,1	0,8	-	-	H, K	
231-152-8	7440-43-9	Kadmíum og ólífræn kadmíum efnasambönd, reiknað sem kadmíum (Cd)	-	0,001	-	-	K	35), 36)
231-250-7	7440-41-7	Beryllíum og ólífræn beryllíum efnasambönd, reiknað sem beryllíum (Be)	-	0,0002	-	-	H, K	35), 37), 38)
		Jarðefnaolíur, smurolíuúrgangur úr vélum með sprengihreyfli	-	-	-	-	H, K	
		Blöndur fjölhringja arómatískra efna (PAH), sérstaklega ef þær innihalda bensópýren	-	-	-	-	H, K	
		Reykur frá dísilvélum, reiknað sem kolefni (C)	-	0,05	-	-	K	39)

- b. Í stað „Þræðir í rúmmetra (m³).“ í 34. tölul. í lista yfir athugasemdir við mengunarmarkaskrá og samantekt á efnum sem hafa mengunarmörk fyrir örfínt ryk kemur: Þræðir í rúm-sentimetra (sm³).
- c. Á eftir 34. tölul. í lista yfir athugasemdir við mengunarmarkaskrá og samantekt á efnum sem hafa mengunarmörk fyrir örfínt ryk og þræði koma fimm nýir tölulíðir, svohljóðandi:
35. Örfínt ryk (e. *inhalable fraction*).
36. Gildið 0,004 mg/m³ gildir til 11. júlí 2027.
37. Ertir öndunarfæri.
38. Gildið 0,0006 mg/m³ gildir til 11. júlí 2026.
39. Tekur gildi 21. febrúar 2023, nema við jarðgangagerð þar sem mengunarmörkin taka gildi 21. febrúar 2026.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. og 3. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/130 frá 16. janúar 2019 um breytingu á tilskipun ráðsins 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/983 frá 5. júní 2019 um breytingu á tilskipun 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað, sem vísað er til í XVIII. viðauka samn-

Nr. 1137

20. nóvember 2020

ingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2020, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. nóvember 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Bjarnheiður Gautadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2020